



Alþingi  
Erindi nr. P 131/899  
komudagur 28.2.2005

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 24. febrúar 2005

Tilvísun: 2005020127

091.1

Alþingi  
Nefndarsvið Alþingis,  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

### **Mál 442. Umsögn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans um “Skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi.” sem út kom í desember 2004 og lögð hefur verið fram af fjármálaráðherra á 131. löggjafarþingi 2004-2005.**

Í skýrslunni er fjallað lítillega um mál vegna brota á skattalögjöfnum sem rekin hafa verið sem sakamál fyrir dómstólum á grundvelli ákæru. Kemur þar fram að slíkum málum hafi fjölgað úr fáum málum á hverjum áratug fyrir 1990 jafnvel úr einu til tveim á ári í tugi mála á hverju ári undanfarin sjö til átta ár. Hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans, sem annast rannsókn og saksókn allra brota gegn skattalögum samkvæmt reglugerð um rannsókn og saksókn efnahagsbrota nr. 406, 1997, hefur verið tekið saman yfirlit um skattamála sem leitt hafa til ákæru frá 1998 og til og með ársins 2004 og koma þar fram ýmsar upplýsingar um málin. Fram kemur að á þessum sjö árum eru útgefnar ákærur 175 eða að meðaltali 25 mál ári. Þá liggja fyrir samkvæmt samantektinni upplýsingar um umfang þess sem hefur verið vanframtalið í þessum sakamálum er 2.975.040.241 kr, og skattsvikin, það er fjárhæð þess sem sakborningar eru taldir hafa komið sér undan eða ætlað að koma sér undan að greiða eru talið nema samtals kr 1.274.132.274. Þá voru dæmdar sektir vegna þeirra mála sem dómur lágu fyrir í um síðustu áramót samtals kr 1.222.593.000.

Margvíslegar aðrar upplýsingar liggja fyrir svo sem að sakfelld hefur verið í öllum þeim 155 málum sem dómur lágu fyrir í um síðustu áramót en að í fjórum málum hafi einn af tveimur eða fleiri ákærðum ekki verið talinn bera refsíabyrgð og því sýknaður.

Fjölgun skattsvikamála sem kærð voru til lögreglu stafar langlíklegast af auknu skatteftirliti með stofnun embættis Skattrannsóknarstjóra ríkisins, sem tók til starfa í ársbyrjun 1993. Í upphafi tók málsmeðferð mun lengri tíma en hin síðari ár og féllu nokkrir dóma á árunum 1998 fram undir árið 2001 þar sem fundið var að því að málsmeðferðartími hjá skattyfirvöldum og hjá efnahagsbrotadeildinni hefði verið óásættanlega langur. Í nokkrum tilvikum var dæmd refsing færð niður af þeim ástæðum. Hin síðari ár hafa dómstólar hins vegar ekki haft tilefni eða ástæðu til þess að finna að málsmeðferðartíma þessara mála. Fram kemur í tilvitnuðu yfirliti efnahagsbrotadeildarinnar um skattsvikamál og meðferð slíkra mála eftir útgáfu ákæru að málsmeðferðartími skattsvikamála hjá efnahagsbrotadeildinni hefur styst verulega. Er málsmeðferðartími þeirra skattsvikamála sem kærð hafa verið til deildarinnar frá

Skattrannsóknarstjóra ríkisins síðustu misseri innan við 12 mánuðir frá því að kæra berst þar til dómur gengur í héraðsdómi, ef frá eru talin innan við 4 mál sem eru hin allra stærstu skattsvikamál sem kærð hafa verið frá upphafi.

Þá kemur fram í áður tilvitnuðu yfirliti að í 97 málum af 175 eða 55,4% tilvika lágu fullnægjandi skýrslur eða skilagreinar aðila ekki fyrir og eða að um var að ræða svarta atvinnustarfsemi að hluta eða að öllu leyti.


Í 14. kafla “**Skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi.**”, þar sem fjallað er um aðgerðir til að sporna við skattsvikum, setur nefndin fram til athugunar að færa saksókn og ákærvald í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknarstjóra. Byggir nefndin í þessu sambandi á því að hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins “sé sérþekking til staðar á málefnum sem ekki er til staðar annars staðar” og “að breyting af þessu tagi mundi hraða mjög meðferð mála en mikilvægt er bæði frá sjónarhóli hins brotlega og hins opinbera að meðferð slíkra mála sé hröð og skilvirk”. Undir síðari tilvitnunina má taka, en athugun mála sem til meðferðar hafa verið hin síðari misseri gefa síður en svo til kynna að málsmeðferð sé treg og óskilvirk. Þá er sú framsetning að eðlilegt sé að færa saksókn og ákærvald til skattrannsóknarstjóra vegna þess að þar sé til staðar sérþekking sem ekki fyrir finnst annars staðar ekki í samræmi við staðreyndir máls. Lögreglurannsóknir vegna skattsvikamála hafa frá upphafi farið fram hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans og þar hefur ákærvald vegna þessara mála verið frá 1997 og saksókn farið fram af hálfu deildarinnar. Ríkissaksóknari fer með áfrýjunarheimild vegna skattamála eins og annarra sakamála og annast saksókn fyrir Hæstarétti. Af þessu leiðir að sérþekking og reynsla af meðferð ákærvalds og flutningi skattsvikamála fyrir dómstólum er hjá efnahagsbrotadeildinni og hjá ríkissaksóknara. Þyðingarmikið er að reka sakamál vegna skattsvika þar sem önnur hagnaðarbrot svo sem efnahagsbrot eru rannsökuð og þar sem ákærvald vegna þeirra er. Með því móti er reynsla á þessum náskyldu og samkynja málaflokkum safnað saman á einn stað auk þess sem við rannsókn og meðferð þessara mála upplýsast oft brot gegn öðrum lögum svo sem lögum um bókhaldi og ýmsum lögum um atvinnurekstur. Auk þessa eru lagalegar ástæður í vegi fyrir því að Skattrannsóknarstjóri ríkisins geti farið með ákærvald jafnframt því að vera stofnun innan skattkerfisins. Á þessa nálægð skattkerfisins við meðferð mála eftir útgáfu ákæru reyndi á i Hæstaréttarmálinu nr. 232 frá 1997; Ákærvaldið gegn Sigurði Jóhannssyni. Þar hafði ríkissaksóknari falið sýslumanninum í Keflavík að fara með saksókn í skattamáli eftir útgáfu ákæru. Niðurstaða dómsins var sú að þar sem embætti sýslumannsins væri hluti af skattkerfinu, þrátt fyrir það að það kæmi ekki að eftirliti eða álagningu heldur einvörðungu að innheimtu, væri hann vanhæfur til þess að fara með saksókn í málinu. Sú skipan er því algerlega í andstöðu við þau grundvallarsjóðnarmið sem fram koma m.a. í hinum tilvitnaða dómi. Niðurstaðan er því ótvírætt sú að ef færa á ákæru- og saksóknarvald til embættis Skattrannsóknarstjóra ríkisins getur embættið ekki jafnframt farið með eftirlits- og rannsóknarhlutverk innan skattkerfisins.

Samkvæmt áður tilvitnuðu yfirliti efnahagsbrotadeildarinnar kemur fram að í 55,4% mála hafi framtals- og eða skýrslugerð ekki legið fyrir eða að um hafi verið að ræða “svarta” atvinnustarfsemi að hluta eða öllu. Ætla má að sakamál sem koma til í þeim tilvikum þegar framtals- og skýrslugerð hefur farið fram varði vanskil á framtöldum og eða álögðum gjöldum en sakamál þegar framtalsgerð hefur ekki farið fram eða verið ábótavant varði að einhverju leyti

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

“svarta” atvinnustarfsemi. Þessar kennitölur úr sakamálum benda til þess að þörf sé á mun skilvirkara eftirliti skattyfirvalda með skattsvikum en með auknu eftirliti mætti bæta árangurinn í baráttunni við skattsvikamál þar sem um “svarta” atvinnustarfsemi er að ræða.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'G. Thoma', written over the typed name 'G. Thoma'.

G. Thoma  
saksöknafr